

1857.

2. júlí.

nákvæmlega gætt þeirra reglna, sem skipaðar eru fyrir um það, að sýna skuli eða kaupa á Íslandi hin lögboðnu leyfisbréf áður en affermíng skipa sé leyfð.

22. júlí.

**20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um skýrslur um þínglesin lagaboð.**

Um leið og herra stiptamtmaðurinn (amtmaðurinn) með bréfi þessu er beðinn um að heimta skýrslur hjá öllum sýslumönnum í suður-umdæminu og bæjarfógetanum í Reykjavík (vestur-umdæminu, norður- og austur-umdæminu) um lög þau, tilskipanir og opin bréf, sem þínglesin hafa verið í hverri þínghá síðan 1. janúar 1849, og þareptir senda skýrslur þessar hingað, verður stjórnarráðið að biðja yður eptirleidis á ári hverju að senda því þessháttar skýrslur.

24. ágúst.

**21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um embættisbústað handa sýslumanninum í Vestmannaeyjum.**

Með þóknanlegu bréfi 31. marz þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn sent stjórnarráðinu bréf frá innbúum Vestmannaeyja, og biðja þeir í því um, að hús verði byggt handa sýslumanni í eyjunum með þeim kostum, að borga skuli aptur og gjalda leigur af fé því, sem til þessa þyrfti, eptir reglum þeim sem vant er að fara eptir í öðrum hlutum landsins þegar eins stendur á. Þér hafið nú nákvæmar talið ástæður þær, sem eptir yðar álitu eru fyrir því, að nauðsynlegt sé að útvega embættisbústað handa tæðum sýslumanni, og hafið þér um leið látið þá meiníngu í ljósi, að ekki muni vera faranda fram á að veita lán til þessa með þeim kostum, að það sé borgað aptur með því að greiða 6 af hverju hundradi í 28 ár, þar þetta mundi